

Margrét Jónsdóttir, Veturliði Óskarsson og
Þorsteinn G. Indriðason

-an- á undan viðskeytinu *-legur* í íslensku: Tilraun til túlkunar

1 Inngangur

Til er fjöldi lýsingarorða af sama toga og *hækkanlegur*, *skalanlegur* og *tæmanlegur*.¹ Merkingin vísar oftast til þess sem hægt er að gera án þess þó að aðild einhvers að verknaðinum sé sýnileg: Það sem er *hækkanlegt* er hægt að hækka, getur jafnvel hækkað, það sem er *skalanlegt* er hægt að stækka eða minnka (færa til á *skala*) og það sem er *tæmanlegt* er hægt að tæma. Orð sem þessi eiga það sameiginlegt að vera nánast öll í merkingarvenslum við samstofna sagnir, sbr. framangreind orð og tengsl þeirra við *hækka*, *skala* og *tæma*. Fjöldmörg lýsingarorð og atviksorð af þessum toga eru enn fremur í merkingarlegum venslum við verknaðarnafnorð af sömu gerð og *hækkun* (*hækkun*) og *skalan* (*skölun*).² Einungis fáein afleidd orð nafndregin falla ekki undir neitt af því sem nefnt hefur verið, t.d. *hjartanlegur*.

Meginmarkmið greinarinnar er að kanna eðli samstöfunnar *-an-*

¹ Grein þessi er samín í samvinnu höfundanna þriggja með jöfnu framlagi þeirra. Við þökkum ritrynum og ritsjórum *Orðs og tungu* fyrir gagnlegar athugasemdir við fyrri gerð. Enn fremur fær Ásta Svavarsdóttir þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Allt sem missagt kann að vera skrifast á reikning höfunda.

² Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014:351) nota orðin *ability adjectives* um lýsingarorð þessarar merkingar og raunar er *ability* einnig notað um lýsingarhátt nútíðar í sömu merkingu.

á undan viðskeytinu *-leg-* (lo. og ao.).³ Einkum verður fjallað um samtímalegt eðli þessarar samstöfu en jafnframt verður leitast við að tengja samtímalega stöðu hennar við sennilega sögulega þróun.⁴ Samtímalega koma nokkrir möguleikar til greina, m.a. að um sé að ræða viðskeytaröð, *-an-legur*, sbr. *breyt-an-legur*, eða að hér sé á ferðinni tengihljóðið *-n-* á undan nafnháttarmynd, stöku sinnum í öðru samhengi svo sem *hjarta-n-legur* og *tíma-n-legur*.

Í greininni verður leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- (1) a. Hvernig ber að túlka samstöfuna *-an-* málfræðilega?
- b. Hvers konar grunnorð geta staðið með *-anlegur*?
- c. Hver er merking *-an-* þegar það stendur með *-legur*?

Spurningum (1)b og c verður svarað í 4. kafla. Spurning (1)a er hin fræðilega meginspurning og verður leitað svara við henni í 5. og 6. kafla.

Efnisskipan greinarinnar er á þá leið að í 2. kafla verður í stuttu máli sagt frá efniviði rannsóknarinnar. Í 3. kafla er greint frá hugmyndum fræðimanna um uppruna samstöfunnar *-an-* í *-anlegur*. Í 4. kafla verður fjallað um ýmis formleg og merkingarleg atriði í sambandi við *-anlegur*. Í 5. kafla verður reynt að komast að því hvers eðlis samstafan *-an-* er samtímalega séð og verða ýmsir möguleikar reifaðir og rökstuddir. Í 6. kafla eru færð rök fyrir líklegri greiningu á *-an-* og í 7. kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman.

2 Efniviður rannsóknarinnar

Fyrir þessa rannsókn var leitað dæma um lýsingarorð og atviksorð sem enda á *-anlegur* (*-anligr*) og *-anlega* (*-anliga*) í eldra og yngra máli. Stuðst var við dæmasafn *Ordbog over det norrøne prosasprog* (hér eftir

³ Héðan í frá verður yfirleitt látið nægja að tala um *lýsingarorð* og karlkynsmyndina sem endar á *-anlegur*. Þótt atviksorð sem enda á *-anlega* komi við sögu verður ekki sérstaklega rætt um merkingu þeirra og hegðun. Þegar rædd eru dæmi úr fornu máli eða hugmyndir um uppruna *-anlegur* er stöku sinnum notuð eldri myndin *-anligr* (*-anliga*) til samræmis við skráð dæmi eða tilvitnanir í texta. Oftast er þó viðhöfð nútímamálsmyndin *-anlegur* (*-anlega*).

⁴ Samstafan *-an-* kemur fyrir í mjög litlum mæli á undan fáeinum öðrum viðskeytum, einkum *-leiki/-leikur*. Sbr. örstutt yfirlit í 5.1.1. Slík dæmi eru nefnd nokkrum sinnum, þegar þörf krefur, en annars er umfjöllunin bundin við samstöfuna *-an-* + *-leg-*.

ONP) sem nær fram til um 1540 og *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* (hér eftir ROH) sem nær frá 1540 fram undir lok 20. aldar. Enn fremur var höfð hliðsjón af dæmum úr *Íslenskum orðasjóði* (hér eftir ÍOS) og var þar leitað í safni texta af vefsíðum frá árinu 2015. Í nokkrum tilvikum var einnig höfð hliðsjón af dæmum í *Risamálheildinni* (hér eftir Rmh.).

Í safni ONP komu í ljós nálega 190 viðskeytt orð með -anleg-, um 150 lýsingarorð og um 40 atviksorð, um 30 þeirra samstofna lýsingarorðunum. Í ROH eru lýsingarorðsfleittur mun fleiri, tæplega 900, og atviksorð tæplega 200, langflest samstofna lýsingarorðunum. Forskeytt og samsett orð í báðum söfnum eru meðtalin, en slík orð eru umtalsverður hluti þeirra orða sem í ljós komu enda eru forskeyti áberandi einkenni á orðum af þessu tagi – þannig eru rúmlega 100 orð í safni ONP forskeytt, þar af rúmlega 60 með forskeytinu ó-. Umtalsverð skörun er á milli ONP og ROH en af þeim ca. 190 orðum sem er að finna í ONP eru þó um 40 ekki skráð í ROH.

3 Söguleg úttekt: Uppruni -an- í -anlegur

Lítið hefur verið fjallað um líklegan uppruna samstöfunnar -an- í -anlegur. Í þeirri umræðu sem þó má finna í fræðibókum er helst tvennt talið koma til greina, að um sé að ræða viðskeytið -an, hið sama og er á ferð í sagnleiddum nafnorðum á borð við *skemmtan*, *ætlan*, eða að upprunans sé að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, -and(i). Hér verða þessir tveir kostir ræddir.

3.1 Verknadarviðskeytið -an

Eins og liggur nokkuð ljóst fyrir þeim sem hafa íslensku að móðurmáli eru talsverð merkingarleg og formleg vensl milli lýsingarorða sem enda á -anlegur og nafnorða sem mynduð eru með viðskeytinu -un, eða í eldra máli með afbrigði þess -an. Það kann að vekja vissan grun um að -an- í -anlegur og -an- í viðskeytaparinu -an/-un geti átt sér sama uppruna, að -anleg- kunni (a.m.k. upprunalega) að vera röð tveggja viðskeyta, -an og -leg. Að því er virðist hefur þetta sjaldan verið lagt til. Þó nefndi Alf Torp (1909:lx) þennan möguleika í yfirliti yfir orðmyndun í norrænu máli snemma á síðustu öld. Megintilgáta hans er sú að uppruna -anlegur-orða megi helst rekja til lýsingarháttar nútíðar (sjá hér á eftir og 5.1.3) en hann bætir við, þó án rökstuðnings,

að upprunann kunni ef til vill að vera að finna í kvenkynsnafnorðum sem enda á *-an*, svo sem *lofan*, *prófan*, *reikan*.

Með þetta tvennt í huga, tilgátu Torps og framangreind merkingarleg og formleg vensl *-anlegur*-orða og *-an*-orða, er við hæfi að fara nokkrum orðum um þetta viðskeyti eða viðskeytapar. Parið *-an* og *-un*, sem fyrst og fremst hefur verið notað við myndun verknadarnafnorða af sögnum, á sér einn og sama uppruna.⁵ Þau eiga rætur að rekja til sama viðskeytis, **-ni* í frumgermönsku, sem eftir endurtúlkun í frum-norrænu varð *-ōni* og síðar að norræna viðskeytinu *-an*. Í vestur-norrænu (íslensku) fékk það tvöfalda birtingarmynd vegna *u*-hljóðvarps, afbrigðið *-un* í nefnifalli, þolfalli og þágufalli eintölu og í þágufalli fleirtölu (þar einnig skilyrt af þágufallsendingunni *-um*), en afbrigðið *-an* í eignarfalli eintölu og nefnifalli, þolfalli og eignarfalli fleirtölu. Í sumum fornum ritum er notkunin samkvæmt uppruna, sögulega viðbúin víxl á milli *-an* og *-un*. Strax á forníslenskum tíma eru afbrigðin tvö þó farin að lifa eigin lífi og er sérstaklega algengt að *-an* sé notað í öllum föllum nema í þágufalli fleirtölu.

Þetta viðskeytapar mun upprunalega hafa verið bundið við myndun nafnorða af fyrsta flokki veikra sagna, sem í málsögulegu samhengi eru nefndar *ō*-sagnir (sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1995:16–17; sbr. t.d. Torp 1909:lxvi). Dæmi um myndun af sögnum úr öðrum flokkum, veikum sem sterkum, eru þó gömul. Á þetta er minnst víða, t.d. hjá Torp (sama rit, s.st.) og Baldri Jónssyni (1987:91). Í ONP eru dæmi um *skemmtan/skemmtun* og *þoran* frá 13. öld, *trúan*, *ymjan* og *óráðan* frá 14. öld og *aukan* og *aukun* frá um 1500. Öll orðin tengjast samstofna sögn merkingarlega: *skemmta* er *ia*-sögn, *ymja* er *ja*-sögn en *trúa* og *þora* teljast til *ē*-sagna; *ráða* og *auka* eru sterkar sagnir. Í ROH eru dæmi um *kvíðun*, *kvíðan* og *líðun*, *líðan* (forskeytt) sem tengjast samstofna sögn, *kvíða* sem er bæði veik og sterk, og *líða* sem er sterk.

Ekki er ljóst hvort lýsingarorð sem enda á *-anlegur* hafi á einhvern hátt lotið framangreindri reglu um myndun af *ō*-sögnum. Ýmislegt mælir fremur gegn því. Bæði er það svo að orðmyndun með *-anlegur* er að mestu bundin við íslensku og er mun yngri en orðmyndunin með *-an* sem er samnorræn.⁶ Elstu dæmi um orð með físl. *-anligr*,

⁵ Ágætt yfirlit um *-an* og *-un* er að finna hjá Hugrúnu Ragnheiði Hólmgeirsdóttur (1995).

⁶ Í safni ONP eru nokkur norsk dæmi um *einkanliga* og *einkanligr* og allmörg dæmi um orð með *-anlaga/-anligr* er að finna í biblíuverkinu *Stjórn* (sbr. ONP) sem kann að vera að nokkru leyti norskt en er fyrst og fremst varðveitt í íslenskum handritum frá 14. öld.

-anliga eru frá því um 1200 og snemma á 13. öld (t.d. *einkanliga*, *óifanligr*, *yfirvesanligr*) en annars eru orð með -anligr yfirleitt heldur yngri. Það hlýtur enn fremur að teljast nokkuð ólíklegt að orðmyndun með -anlegur hafi verið bundin við *ō*-sagnir í ljósi þeirra ca. 190 orða af þessu tagi, lýsingarorða og atviksorða, sem er að finna í ONP. Þau tilheyra milli 110 og 120 mismunandi stofnum. Af þeim er vissulega rúmur helmingur (um 65) *ō*-sagnir en eigi að síður er hinn helmingurinn sagnir af öðrum flokkum, þar af rúmlega 20 sterkar sagnir. Algengustu -anligr-orðin þar eru *trúanligr*, *viljanligr*, *vitanligr* og (*ó*)*þolanligr* sem öll eru mynduð af öðrum sagnstofnum en *ō*-sögnum.

3.2 Lýsingarháttarviðskeytið -and(i)

Snemma kom fram sú hugmynd að uppruna -anlegur væri að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, -and(i), og að tannhljóðið hefði fallið brott: -andlegur → -anlegur. Þetta má m.a. sjá hjá Torp (1909:lx), Sverdrup (1911:156–160) og Alexander Jóhannessyni (1927:67). Hvorki Torp né Sverdrup vísa til heimilda máli sínu til stuðnings en báðir ræða um brottfall tannhljóðsins. Það gerir Noreen (1923:212–213) líka í málfræði sinni, án þess þó að nefna lýsingarháttinn í því sambandi.⁷ Framangreindir fræðimenn telja breytinguna gamla. Sverdrup bendir á að sambærileg orðmyndun hafi verið til í vesturgermönskum málum og nefnir því til stuðnings nokkur orð úr fornháþýsku og engilsaxnesku, öll með tannhljóði. Hann gengur svo langt að telja -anlegur hafa orðið að sérstöku viðskeyti en færir þó ekki raunveruleg rök fyrir því (sbr. Sverdrup 1911:160):

Men da bruken av præ. part. med passiv bet. i gn. som et attributivt adjektiv var forholdsvis litet yndet, forekommer det mig ikke usandsynlig, at det tildels var for at böte herpaa, at man utvidet præ. part. med suffikset -ligr. Dog har vel -anligr tilslut kun været følt som en særskilt suffiksform tjenende til avledning av verbaladjektiver.

Litlar leifar eru um orð af þessum toga í íslensku með tannhljóðinu varðveittu. Í ONP er að finna fáein dæmi, *blezandligr* 'blessaður, sem hægt er að blessa' í þýðingu frá 16. öld, *blómberandligr* 'blómstrandí'

⁷ Athyglisvert er að Noreen minnst fyrst á -anlegur-orðin í tengslum við brottfall tannhljóðsins í fjórðu útgáfu bókar sinnar, þeirri sem stuðst er við hér.

í handriti frá um 1700 (en *blómberanligr* í sama texta í handriti frá 14. öld), *óþolandligr* 'óþolandi, sem ekki er hægt að þola' („óþolandligr brunni sólarinnar“, handrit frá um 1340), *búandligr* í merkingunni 'sem líkist bónda' (14. öld), *skínandligr* 'skínandi, bjartur', um ljós (um 1540) og atviksorðið *hjáverandligr*, notað um 'e-ð sem er og verður' (1200–1225). Í nútímamáli er tannhljóð varðveitt í fáeinum orðum, *búandlegur* 'sem líkist bónda (um mann); sem hægt er að búa á (um jörð)', *gerandlegur* 'sem er gerandi, sem gerir', einnig í *þegjandlegur* 'þögull' sem reyndar virðist ekki koma fyrir í orðabókum en sem höfundar þessarar greinar þekkja og fáein dæmi eru um á netinu og á sér hliðarmyndina *þegjandalegur*. Hér má enn fremur nefna hugmynd Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1995) um að *einkanlegur* 'sérlegur; tágætur' eigi sér e.t.v. rætur í **einkandlegur*, og nefnir hann þar til hliðsjónar sögnina *einka*.

Eins og hér sést, þegar dæmin að framan eru skoðuð, virðast orð sem hafa *-and-* á undan *-legur* bera í sér (eða a.m.k. geta borið í sér) annars konar merkingu en sagnleiddu lýsingarorðin sem oftast en ekki fela í sér merkinguna 'sem hægt er að ...'. Þetta á a.m.k. við um *blómberandligr*, *búandlegur* þegar það merkir 'sem líkist bónda', *gerandlegur*, *skínandligr* og *þegjand(a)legur*. Þetta útilokar auðvitað ekki að tilgátan um uppruna *-anlegur* úr *-and(i)* + *-legur* sé rétt en dæmafæðin gerir slíka ályktun óörugga.

3.3 Niðurstaða

Lítil von virðist vera til þess að með vissu sé hægt að velja á milli þeirra tveggja kosta sem hér voru nefndir enda hafa báðir sitthvað til síns ágætis. Málin þarfnast þó frekari umfjöllunar eins og í ljós mun koma í næstu köflum.

4 *-anlegur*: Formleg og merkingarleg vensl við grunnorð

4.1 Inngangur

Í þessum kafla verða tekin til skoðunar ýmis atriði sem varða merkingarlegt hlutverk og tíðni lýsingarorða sem mynduð eru af sögn,

samstöfunni *-an-* og viðskeytinu *-legur*.⁸ Eins og minnst var á í inn-gangi virðast fljótt á litið einkum tveir kostir líklegir við samtímalega greiningu, þ.e. að um sé að ræða viðskeyti, *-an-*, og þá viðskeytaröðina *-an-legur*, eða að hugsanlega sé á ferðinni tengihljóð, *-n-*. Hér verður síðari kosturinn lagður til hliðar um stundarsakir enda hafa tengihljóð ekki merkingu eða merkingarhlutverk.

Efnisskipan þessa kafla er á þá leið að í 4.2 verða sagnir sem standa með *-anlegur* ræddar og flokkaðar eftir ýmsum viðmiðunum, jafnt sögulegum sem samtímalegum, auk þess sem merkingarlegt hlutverk frumlags sagnanna verður skoðað. Það er gert til að varpa ljósi á merkingu og hegðun orðanna sem enda á *-anlegur*. Í 4.3 verða merkingarleg vensl orða með *-anlegur* við lýsingarhátt nútíðar skoðuð og í 4.4 verður fjallað um lýsingarorð sem enda á *-anlegur* og kvenkynsnafnorð sem enda á *-an*. Í 4.5 verður rætt um tengsl viðskeytisins *-an/-un* við *-anlegur*, einkum í orðum eins og *blessunarlegur* þar sem nafnorðið er í eignarfalli. Í 4.6 eru aðalatriði kaflans dregin saman.

4.2 Vensl *-anlegur*-orða við sagnir

4.2.1 Formleg vensl

Langflest lýsingarorð sem enda á *-anlegur* tengjast merkingarlega samstofna sögn. Oft er jafnframt til kvenkynsnafnorð myndað af sömu sögn með verknaðarviðskeytinu *-an/-un*, sbr. 3. kafla og nánari umfjöllun í 4.4. Þessum ytri venslum má lýsa þannig:

- (2) *Nafnorð* *Sögn* *Lýsingarorð*
flokkun/flokkan ~ flokka ~ flokkanlegur

Sögnin *flokka* ‘skipa í flokka, raða niður’ lýsir verknaði þar sem við sögu koma gerandi sem frumlag og þema sem andlag: „María flokkaði bækurnar.“ Nafnorðið *flokkun* lýsir þeirri athöfn sem í sögninni felst, þ.e. ‘það að flokka bækurnar’ í þessu tilviki. Lýsingarorðið vísar til þess sem hægt er að gera við andlagið, bækurnar eru flokkanlegar. Tengsl milli germyndar, þolmyndar, verknaðarnafnorðs og afleiðslu með *-anlegur* sjást glögg í (3):

⁸ Ítarlegt yfirlit yfir grunnorð með *-legur* á tímabilinu 1600–1900 er að finna hjá Þorsteini G. Indriðasyni (2023).

- (3) a. *X flokkaði bækurnar* (germynd), bækurnar voru *flokkaðar* (þolmynd)
- b. *Flokkun* bókanna, *flokkun* á bókunum (verknaðar-nafnorð)
- c. Bækurnar eru *flokkanlegar* (afleiðsla)

Þessi orðmyndun er frjó og lifandi og auðvelt er að mynda ný orð, t.d. *dissanlegur*, *rantanlegur* og *moppanlegur* með hliðsjón af nýlegum tökusögnum, *dissa* 'vera á móti e-m, leggja fæð á e-n', *ranta* 'nöldra, blaðra' og *moppa* 'þrífa (gólf) með moppu', svo að dæmi séu tekin. Þar er augljóslega um að ræða nýmyndun með virkum orðmyndunarferlum. Á hinn bóginn þættu nafnorð eins og t.d. **moppan* vafalítið ótæk, sem og lýsingarorðin **dissanlegur*, **moppunlegur* og **röntunlegur*, mynduð með hinu mjög svo virka viðskeyti *-un*. Ótæku dæmin með *-un* skýrast af því að viðskeytið krefst eignarfallsendingar í afleiðslunni en íslensk verknaðarorð af þessum sögnum eru *dissun*, *moppun* og *röntun*.⁹

Hvernig sem uppruni lýsingarorðanna sem enda á *-anlegur* er skýrður blasa vensl við sagnir langoftast við. Í (4) eru sýnd dæmi um slík vensl við ýmsar tegundir sagna.

(4)	A	<i>Veikar sagnir</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	1 (-ö)	lækna, bila	læknanlegur, bilanlegur
	2 (-ja)	selja, temja	seljanlegur, temjanlegur
	3 (-ja)	breyta, rifta	breytanlegur, riftanlegur
	4 (-ē)	trúa, duga	trúanlegur, duganlegur
	B	<i>Sterkar sagnir</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	1. fl.	líða, slíta	líðanlegur, slítanlegur
	2. fl.	brjóta, þrjóta	brjótanlegur, þrjótanlegur
	3. fl.	finna, hverfa	finnanlegur, hverfanlegur

⁹ Greinarhöfundar hafa heyrt orðið *röntun* notað í tali. Orðin *dissun* og *moppun* finnast á „prenti“, *dissun* t.d. í athugasemd við blogg á vefsíðu DV í apríl 2011 (blog.dv) og *moppun* t.d. í *Morgunblaðinu* 30.9. 2016, bls. 30 (sérblað) (sjá *Tímarit.is*). Nánast má fullyrða að lýsingarorðin **dissanlegur*, **moppunlegur* og **röntunlegur* verði aldrei til enda brjóta þau gegn máltilfinningu flestra. Eina sambærilega dæmið sem höfundar þekkja er ao. *klögunliga* í þýðingu frá 16. öld (*Reykjahólabók*, sjá ONP). Hins vegar er vel hugsanlegt að *dissunarlegur* og önnur slík verði til enda fyrirmyndir nægar (sjá kafla 4.5).

4. fl.	bera, skera	beranlegur, skeranlegur
5. fl.	gefa, sjá	gefanlegur, sjáanlegur
6. fl.	fara, skafa	faranlegur, skafanlegur
7. fl.	leika, fá	leikanlegur, fáanlegur
C	Núþálegar sagnir eiga, vita	Lýsingarorð eiganlegur, vitanlegur
D	Tvöföldunarsagnir (ri-) snúa	Lýsingarorð snúanlegur

Eins og vikið var að í kafla 3.1 mun -an (viðskeytaparið -an/-un) upprunalega hafa verið bundið við myndun nafnorða af fyrsta flokki veikra sagna (*ō-sögnum*). Ýmis gömul dæmi eru þó um myndun af sögnum úr öðrum flokkum, sem fyrr segir. Séu berir stofnar ólíkra lýsingarorða (án forskeytis og forliðar) sem enda á -anlegur í safni ROH skoðaðir með tilliti til vensla við veikar sagnir fyrsta flokks annars vegar og hins vegar sterkar sagnir og hvenær þau koma fyrst fyrir er niðurstaðan þessi:¹⁰

(5) Öld	Lýsingarorðs- flettur	Vensl ō-sagnir	sterkar sagnir
16.	97	24	15
17.	121	40	15
18.	166	47	16
19.	210	49	23
20.	283	60	27

Hér má sjá að fleiri lýsingarorð tengjast veikum sögnum af fyrsta flokki (*ō-sögnum*) en þeim sterku og ef forskeyttar eða forliðaðar sagnir væru teknar með myndi sá fjöldi aukast talsvert. En varasamt er að draga of víðtækar ályktanir enda eru veikar sagnir af fyrsta flokki svo margfalt fleiri en þær sterku. Hlutfallslega eru færstar veikar sagnir af fyrsta flokki frá 17. öld eða um 19% en flestar frá 18.

¹⁰ Lýsingarorðsflettur í (5) eru samtals 877. Orð frá síðari hluta aldar eða fyrri hluta þeirrar næstu eru í ROH merkt með aldartölu og „s“ og „f“, t.d. „17s18f“, og eru slík dæmi hér talin með dæmum frá fyrri öldinni.

öld eða tæplega 29%. Sterkar sagnir verða hlutfallslega færstar á 20. öld eða 9,5% en flestar á 16. öld, rúmlega 15%. Hér verður að hafa í huga að textamagn hverrar aldar í ROH er mismikið og eðlisólíkt. Textar frá 16. öld eru ekki aðeins miklu færri en t.d. þeir frá 19. öld, heldur eru þeir fyrrnefndu allir eða langflestir af kristilegum toga. Textar frá þeirri síðarnefndu eru ekki aðeins miklu fleiri heldur mun fjölbreyttari (sjá yfirlit um textategundir í ROH og fjölda þeirra á hverri öld hjá Ástu Svavarsdóttur o.fl. 1993:3).

4.2.2 Merkingarleg vensl við grunnorð

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd varða formlega þætti þeirra sagna sem lýsingarorðin sem enda á *-anlegur* eru í venslum við. Hér á eftir verður horft til merkingarlegra eiginleika sagnanna með það að markmiði að varpa nánara ljósi á merkingu samstöfunnar *-an-*. Í því skyni verður litið til hegðunar viðkomandi sagnar. Þannig má t.d. skoða hvort sögnin lýsi ástandi eða framvindu, lokaniðurstöðu eða ekki. Í öllu þessu skiptir hlutverk frumlagsins miklu máli. Um það sem hér er sagt um merkingarflokkun sagnanna má t.d. lesa hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (1997–1998:16–17; 2005:488–495).

Mjög margar sagnir eru með gerandafrumlagi og teljast til aðgerðarsagna. Það er gerandinn sem með vilja vinnur verk sem hefur í sér fólgin endapunkt. Dæmi um slíkar sagnir eru *hækka* og *blása upp* (taka með sér þolfallsandlag), *breyta* (tekur með sér þágufallsandlag) og *vænta* (tekur með sér eignarfallsandlag). Andlagið er alltaf þema (þolandi). Lýsingarorðin eru *hækkanlegur*, *uppblásanlegur*, *breytanlegur* og *væntanlegur*. Tökum dæmi af *hækka* og *breyta*. Bæði orðin vísa til þess sem hægt er að gera, hækka eða breyta. Eins og sjá má er andlag sagnarinnar frumlag með lýsingarorðinu sem hefur svipaða merkingu og þolmynd enda gerandinn ekki tilgreindur. Til hægðarauka verður talað um þolmyndarmerkingu.

- (6) a. Jón *hækkar* húsið. Húsið er *hækkanlegt*.
 b. Jón *breytir* húsinu. Húsið er *breytanlegt*.

Frumlög sumra sagna eru skynjendur (reynendur) og þemu (þolendur). Þær sagnir teljast til svokallaðra ástands- eða atburðarsagna. Þær fyrrnefndu lýsa ástandi eins og t.d. *skilja*. Þær síðarnefndu lýsa því sem einfaldlega gerist. Dæmi um slíka sögn er *gleyma*.

- (7) a. Jón skildi ekki ljóðið. Ljóðið var óskiljanlegt.
 b. Jón gleymdi ekki ljóðinu. Ljóðið var ógleymanlegt.¹¹

Áhrifslausar sagnir eins og *bila* og *rotna* eru líka einatt í venslum við umrædd lýsingarorð. Í tilvikum beggja sagnanna er frumlagið þema enda gerir það ekki neitt; sagnirnar eru atburðarsagnir. Þemafrumlagið er svo áfram frumlag með lýsingarorðinu.

- (8) Jurtaleifar *rotna* hratt. Jurtaleifar eru *auðrotnanlegar*.

Svokallaðar athafnasagnir eru forvitnilegar. Frumlag þeirra er „líklega oftast gerandi“ eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2005:493) kemst að orði. Hann segir raunar líka að virkni frumlags þessara sagna sé mismikil. Sagnirnar fela í sér framvindu, þó án raunverulegs endis. Dæmi um slíkar sagnir eru t.d. þær fjölmörgu sem varða hreyfingu, sbr. *ganga*, *iða*, *labba*, *sprikla* og *trimma*, allar áhrifslausar. Með sumum sögnunum er erfitt að mynda orð með -anlegur. Það gengur t.d. varla að mynda **iðanlegur* eða **spriklanlegur* út frá venjulegri merkingu sagnanna *iða* og *sprikla*, en ekki er útilokað að hugsa sér samhengi þar sem orð eins og *ganganlegur* og *labbanlegur* og jafnvel *trimmanlegur* væru *nothæf*.¹²

4.3 Merkingarleg vensl orða með -anlegur við lýsingarhátt nútíðar

Mörg dæmi eru um að lýsingarháttur nútíðar af áhrifssögnum standi með andlagi germyndarsetningar í þolmyndarmerkingu, sbr. Jón Friðjónsson (1982:195), Halldór Ármann Sigurðsson (1992:340–343) og Wood og Einar Frey Sigurðsson (2014:353).¹³ Þetta má t.d. sjá í A í (9). Það má hugsa sér að þar búi að baki setningar á borð við *e-r getur (ekki) drukkið kaffið / huggað barnið / trúað sögunni*.¹⁴ Í B sést hins vegar

¹¹ Hér gæti frumlagið í fyrri setningunni staðið sem óbeint andlag / aukafallsliður í þágufalli: *Ljóðið var Jóni ógleymanlegt / Jóni var ljóðið ógleymanlegt*.

¹² Allnokkur dæmi eru um *ganganlegur* á netinu og í Rmh., t.d. „Þetta er „hverfið“ mitt sem er vel ganganlegt og hjólafernt en keyra þarf hring á hraðbrautum til að komast á milli.“ (Twitter).

¹³ Þessa umræðu er líka t.d. að finna hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Egerland (2009) og Antoni Karli Ingasyni o.fl. (2016). Umræðan um þolmyndarmerkingu lýsingarháttar nútíðar er þó miklu eldri, sbr. t.d. Nygaard (1905:244). Sverdrup (1911:156–160) minnst líka á þetta (sbr. kafla 3.2 og 4.4).

¹⁴ Það vekur athygli að sum orð með -anlegur geta helst ekki staðið án forskeytis, sbr. ?*gleymanlegur* en *ógleymanlegur*, ?*rotnanlegur* en *auðrotnanlegur*.

að í stað lýsingarháttarins má nota lýsingarorð sem enda á *-anlegur* sem sérstæð lýsingarorð (sjá einnig Wood og Einar Frey Sigurðsson 2014). Það sýna dæmin í (9).

- | | | |
|-----|-------------------------------------|------------------------------------|
| (9) | A | B |
| | a. Kaffið er vel <i>drekkandi</i> . | Kaffið er vel <i>drekkanlegt</i> . |
| | b. Kaffið er <i>ódrekkandi</i> . | Kaffið er <i>ódrekkanlegt</i> . |
| | c. Barnið er <i>óhuggandi</i> . | Barnið er <i>óhugganlegt</i> . |
| | d. Sögunni er vel <i>trúandi</i> . | Sagan er vel <i>trúanleg</i> . |

Dæmin í A og B í (9) eiga það sameiginlegt að merking hvers pars tákna-
ar það sem (ekki) er hægt að gera, t.d.: ‘kaffið er hægt að drekka’, ‘hægt
er að drekka það’; ‘barnið verður ekki huggað’, ‘ekki er hægt að hugga
það’. Hins vegar er setningafræðilegur munur á setningagerðunum í
A og B. Hann er sá að frumlagið með lýsingarorðunum í B er alltaf
í nefnifalli, hvert sem andlagsfall viðkomandi sagnar er. Á hinn
bóginn er frumlagið með lýsingarhætti nútíðar, í A, í nefnifalli sé
andlag sagnarinnar þolfall (formgerðarfall) en ef andlagið er þágufall
(orðasafnsfall) þá varðveitist það sem frumlag með lýsingarhættinum.
Varðveisla orðasafnsfallsins með lýsingarhættinum er því sú sama
og í þolmynd. Bæði lýsingarháttur nútíðar og lýsingarorðin fá auð-
veldlega forskeyti eða forliði, þá helst ó- af merkingarlegum ástæðum
(sjá einnig Wood og Einar Frey Sigurðsson 2014).

Dæmin um lýsingarorðin eru fjölmörg. Hins vegar er ekki alltaf
hægt að finna setningar með lýsingarhætti nútíðar sem lýsa því sama
og lýsingarorð með *-anlegur* gera, ‘það sem (ekki) er hægt að gera’,
a.m.k. ekki í eðlilegu máli. Hvernig á því stendur er ekki ljóst; a.m.k.
blasir hin málfræðilega ástæða ekki við. Á hinn bóginn felst gildi
fyrirliggjandi dæma í því að þau leiða vel í ljós þá þolmyndarmerkingu
sem fólgin er í lýsingarorðum sem enda á *-anlegur*.

4.4 Lýsingarorð sem enda á *-anlegur* og kvenkynsnafnorð sem enda á *-an*

Hér að framan (4.2.1) var minnst á verknaðarviðskeytið *-an/-un* og
þegar í inngangi var þess getið að mörg lýsingarorð sem enda á *-anlegur*
væru í venslum við verknaðarnafnorð mynduð af sama sagnstofni.
Þetta viðskeytapar er að því leyti sérstakt að virk orðmyndun með

Því er í nútímamáli bundin við fyrra afbrigðið, *-un*, en var í eldra máli mun frekar bundin við hið síðara, *-an*, sem fyrr segir (sjá 3.1). Það flækir málið nokkuð að þótt afbrigðið *-an* komi ekki fram í nefnimynd nýmyndaðra orða í nútímamáli er það reglulegt allómorf í beygingu orðanna, sbr. nf. et. *skipun* en nf. og þf. flt. *skipanir*, ef. flt. *skipana*. Enn fremur eru dæmi um að grunnmynd með *-an* sé enn í notkun, einkum í formlegu máli, t.d. nf. og þf. et. *skipan* og *ætlan* sem algengt er að sjá í lögfræðimáli. Frá málmyndunarfræðilegu sjónarhorni má væntanlega líta svo á að orð af sama tagi og *skipan* séu geymd sem slík en ekki mynduð sérstaklega með virkri orðmyndunarreglu eða við virkt orðmyndunarferli.

Við leit að orðum sem enda á *-an/-un* í ONP komu í ljós vel yfir 1.500 orð með umræddu viðskeytapari og eru grunnorðin með *-legur*, þ.e. rót+ *-an*, rúmlega 660. Í ROH er að finna 2.634 flettur nafnorða sem enda á *-an* (kvenkyns og hvorugkyns). Af þeim eru kvenkynsorðin líklega um 1.700. Mörg orðanna eru samsetningar en grunnorðin eru um 750. Fletturarnar sem enda á *-un* eru hins vegar mun fleiri eða vel yfir 15 þúsund.

Í 4.2.2 voru nefnd nokkur dæmi þar sem hegðun og merking sagna varpar ljósi á lýsingarorð sem eru í langflestum tilfellum dregin af sögn en til eru fáein dæmi um nafndregin lýsingarorð sem enda á *-anlegur*, þ. á m. *hjartanlegur* og *tímanlegur* sem lýsa ástandi. Bæði þessi orð eru gömul í málinu. Í ROH og ONP er fyrra orðið ýmist með *n* eða ekki: *hjarta(n)legur* (*-ligr*). Í ONP eru ekki dæmi um seinna lýsingarorðið en nokkur dæmi um samstofna atviksorðið *tímanliga* og þar er einnig að finna sambærilegt lýsingarorð án *n*, *tímaligr*. Bæði *tímalegur* og *tímanlegur* koma fyrir í safni ROH. Þessi tvö nafndregnu orð auk nokkurra annarra af líku tagi greina sig ekki aðeins frá öðrum orðum sem enda á *-anlegur* vegna myndunar sinnar heldur líka merkingarfræðilega enda eru engin sjáanleg tengsl við sögn. Þess má geta að Torp (1909:lx) taldi að „*hjartanligr* for *hjärt(a)ligr*“ væri að öllum líkindum af þýskum uppruna en færði ekki rök fyrir því né sýndi hugsanlega þýska fyrirmynd orðsins. Stundum er talið að merkingin sé undir þýskum áhrifum (sbr. *Ordbog over det danske Sprog* undir *hjørtelig*) og má vera að Torp eigi við það, en *hjartanligr*, *hjärtaligr* og *hjärtligr* eru gömul í íslensku og næg dæmi um þau allt frá um 1300 og á fyrri hluta 14. aldar. Sverdrup (1911:160) veltir upp þeim möguleika að *n* í *hjärtanlegur* sé til komið vegna áhrifa eignarfallsins *hjärtans*; hið sama kemur fram hjá Alexander Jóhannessyni (1927:66). Þessum mun á sagndregnum og nafndregnum lýsingarorðum mætti lýsa þannig

með hliðsjón af Aronoff (1976:48) að í orði leiddu af sagnorði eins og *hækkanlegur* væri merkingin ‘sem hægt er að hækka’, jafnvel ‘sem getur hækkað’ („capable of being Xed (where X is the base)“) en í *hjartanlegur* væri *hjarta* grunnorð merkingarinnar („characterized by X (where X is the base)“).

4.5 Staða *-un/-an-* með *-legur* og virkni *-anlegur*

Í upphafi kafla 4.2.1 var vísað til orða í venslum við sögnina *flokka*. Dæmið er endurtekið hér.

(10)	<i>Nafnorð</i>	<i>Sögn</i>	<i>Lýsingarorð</i>
	flokkun/flokkann ~	flokka ~	flokkanlegur

Viðskeytið *-an/-un* í nafnorðinu felur í sér ákveðna merkingu, þ.e. orð myndað með því er heiti á verknaði, þeirri athöfn sem í sögninni felst. Viðskeytið ákvarðar um leið beygingu og kyn orðsins, slík verknaðarnafnorð eru alltaf kvenkyns. Í lýsingarorðum eins og *flokkanlegur* ber samstafan *-anlegur* í sér þá merkingu þegar viðskeytið *-legur* fer á eftir að hægt sé að gera það sem sögnin lýsir eða með öðrum orðum framkvæma þann verknað sem nafnorðið felur í sér. Það er því ljóst að umtalsverð merkingar- eða hlutverkatengsl eru á milli annars vegar *-an/-un* og hins vegar *-anlegur*.

Sem fyrr segir er framangreind orðmyndun nafnorða í nútímamáli aðeins virk með viðskeytisafbrigðinu *-un*, þ.e. *flokkun*, þó að allómorfísk vensl séu á milli *-un* og *-an* innan beygingar orðanna. Með hliðsjón af því er hugsanleg staða viðskeytaparsins *-un* og *-an* með viðskeytinu *-legur* athyglisverð. Sé litið svo á að grunnmynd nafnorðs sem myndað er með *-un* sé um leið stofnmynd þess þá ætti stofnsamsetning með slíku orði og viðskeytinu *-legur* að leiða af sér lýsingarorð á borð við **flokkunlegur* (sjá 4.2.1). Í nútímamáli eru þó engin dæmi um orð mynduð á þann hátt sem við þekkjum til. Við höfum rekist á eitt dæmi um slíkt í gömlum ritum (sbr. neðanmálgrein 9 í 4.2.1). Orð myndað með *-un* getur einungis staðið með *-legur* í nútímamáli ef eignarfallsending kemur á milli, þ.e. *-unarlegur*, sbr. orð eins og *blessunarlegur*, *forritunarlegur*, *stjórnunarlegur* – og auðvelt er að mynda ný orð af sama tagi.¹⁵ Afbrigðið *-an* getur einnig komið fyrir í þessari stöðu en er afar fátítt. Þannig eru í ROH einungis tvær

¹⁵ Þetta hefur verið nefnt *klofin viðskeyting*, sjá Þorstein G. Indriðason (2021:101–104).

flettur sem enda á *-anarlegur*, þ.e. *orðskipanarlegur* og stakdæmið *einháttanarlegur* úr *Nýja testamentinu* 1540. Í ONP eru fá orð af þessu tagi með *-un* lýsingarorðið *ströffunarligur* og atviksorðið *undrunarliga* og með *-an* lýsingarorðin *foraktanarligur*, *forsómanarligur*, *guðlastanarligur* og atviksorðið *minnkanarliga*. Geta má þess að ROH staðfestir frekar litla notkun á *-anar-* almennt við orðmyndun (alls 255 flettur) og mikla notkun á *-unar-* (rúmlega 13.000 flettur).

Ef samstafan *-an-* í *-anlegur* er í reynd viðskeytið *-an/-un* þyrfti að líta svo á að um væri að ræða orðmyndun með því afbrigði viðskeytisins sem annars er ekki lengur virkt, eða þá að um væri að ræða orðmyndun með allómorfi sem ekki birtist í stofngerð orðsins. Það er auðvitað hugsanlegt en væri nokkuð sérstakt. Með þetta allt í huga væri áhugavert að skoða hvort samstafan *-an-* geti e.t.v. átt uppruna sinn í lýsingarháttarviðskeytinu *-and(i)*, sbr. umræðu í 3. kafla, og verður hugað að því í kafla 5.1.3.

Lýsingarorðin sem enda á *-anlegur* eru í meginatriðum merkingarlega einsleit. Þau eru hins vegar stundum í merkingarlegri, eiginlega innbyrðis, andstöðu við orð sem enda á *-unarlegur*. Dæmi um það eru *blessanlegur* og *blessunarlegur*, *stjórnanlegur* og *stjórnunarlegur*. Sé dæmi tekið af fyrra þarinn þá er merkingarmunur orðanna fólgin í því að *blessanlegur* hefur þolmyndarmerkingu (sbr. 4.2.2 að framan), hægt er að blessa þann/það sem um ræðir. *Blessunarlegur* er hins vegar germyndarmerkingar, og raunar hefur orðið svipaða merkingu og *hamingjusamur* og *heillaríkur*. Orðið *endanlegur* er athyglisvert. Merking þess er eitthvað það sem er endanlegt. Í venjulegu máli merkir þetta sama og lokaniðurstaða þess sem um ræðir. Það sem er *óendanlegt* getur hins vegar ekki endað, endahnútur verður ekki bundinn. Merking orðsins/orðanna (*ó*)*heyranlegur* varðar það sem er hægt / ekki hægt að heyra. Hins vegar er engin slík merking fólgin í orðinu *tilheyranlegur*. Það orð hefur hreina ástandsmerkingu.

4.6 Niðurstaða

Í þessum kafla hefur verið fjallað um formleg og merkingarleg vensl *-anlegur* við samstofna sagnir og tegundir þeirra. Dregnar voru fram ýmsar tölur sem varpa frekara ljósi á notkun *-anlegur*-orðanna. Einnig var horft til lýsingarháttar nútíðar í samanburðarskyni.

5 Hvernig má greina *-an-* samtímalega?

Í undanfarandi kafla mátti sjá dæmi um samstöfuna *-an-* með viðskeytinu *-legur* frá ýmsum tímum. Í þessum kafla er komið að því að greina nánar hvað þessi samstafa er eða gæti verið í nútímamáli. Reifaðir verða nokkrir möguleikar á samtímalegri greiningu viðskeyttra orða með þessari samstöfu innanborðs.

Kaflanum er skipt í fjóra efniskafla. Í 5.1 er áhersla lögð á viðskeyti. Rætt verður um möguleikann á að greina *-an-* sem viðskeyti í 5.1.1, um möguleikann á að greina *-anlegur* sem eitt viðskeyti í 5.1.2 og um það hvort *-an-* stafi upphaflega frá viðskeytinu *-and(i)* í 5.1.3. Í 5.2 verður rætt um það hvort *-n-* geti verið tengihljóð og rök að baki slíkri greiningu.

5.1 Viðskeyti sem möguleiki

5.1.1 *-an-* sem viðskeyti?

Hér að framan hefur nokkrum sinnum verið rætt um kvenkynsnafnorð sem enda á *-un* og *-an*. Eins og fjallað var um í 4.2.1 og nánar í 4.4 er hér um að ræða viðskeytapar með einn og sama uppruna. Sem fyrr segir er viðskeytisafbrigðið *-an* óvirkt í nútímamáli við myndun sagnleiddra nafnorða. Þar hefur afbrigðið *-un* tekið við. Það er mjög vel virkt og með því er auðvelt að mynda ný orð, m.a. af tökusögnum á borð við *grilla* → *grillun*, *moppa* → *moppun*, *skanna* → *skönnun* og *skala* → *skölun*. En í öllum tilvikum væru *-an-*orð þarna ótæk. Eldri orð með *-an* (*hugsan*, *blessan* o.s.frv.) hafa jafnframt að mestu leyti lotið í lægra haldi fyrir hliðstæðum með *-un*. Frá sjónarhóli nútímamáls virðist ljóst að skilja þurfi þessi tvö afbrigði gamla viðskeytaparsins að og er e.t.v. einfaldast að líta á þau sem tvö viðskeyti þrátt fyrir sameiginlegan uppruna, annað orðmyndunarlega virkt og hitt gamalt og óvirkt.

Mikil líkindi eru milli viðskeytisins *-an* og samstöfunnar *-an-* í klasanum *-an-* + *-leg-*. Formleg líkindi eru auðvitað augljós svo og hitt að við hlið margra *-anlegur-*orða eru til sagnleidd kvenkynsnafnorð sem enda á *-an* (og/eða *-un*). Með þetta í huga er ástæða til að skoða nánar hvort eðlilegt kunni að vera að greina samstöfuna *-an-* í *-anlegur-*orðum einfaldlega sem gamla viðskeytisafbrigðið *-an*. Hér verður hugað að þeim möguleika.

Með því fyrsta sem þyrfti að spyrja væri hvers vegna -an sé virkt og lifandi viðskeyti á undan -legur en annars ekki. Gæti það e.t.v. verið náíð samband eða samlífi þessa gamla viðskeytis við hið virka viðskeyti -legur sem geri orðum með -an kleift að vera á sinn hátt áfram hluti af málinu, sem hluti afleiddra orða? En af hverju ætti eitthvert tiltekið viðskeyti að verða virkt við þær aðstæður? Við þessu eru fá svör. Það er t.d. harla ósennilegt að viðskeyti eða hvers kyns orðmyndun verði virk í kjölfar þess að hún sé þröngt afmörkuð og skilyrt á einhvern hátt, t.d. í nánnum tengslum við annað viðskeyti eða skilyrt af einhverju öðru málfræðilegu samhengi. Fremur mætti telja að slík takmörkun ynni gegn orðmyndunarlegri virkni (um virkni sjá m.a. Bauer 2001:205–209).

Ef þeim möguleika væri haldið opnum að -an sé viðskeyti sem einungis komi fram í tengslum við annað viðskeyti myndi það minna á annars konar orðmyndun sem leiðir af sér orðlíka liði eins og t.d. -lendi og -auðgi. Þeir koma vart fyrir sjálfstæðir heldur bundnir fyrri lið samsetningar, sbr. *votlendi* og *mannauðgi* (sjá Þorstein G. Indriðason 2016). Í dæminu -lendi er viðskeytinu -i bætt við *land*, og til verður orðmynd – sögulega séð við *i*-hljóðvarp á einhverju stigi norræns máls – sem aldrei eða nánast aldrei stendur sjálfstæð en verður að vera í tengslum við fyrri lið, sbr. *votlendi*. Orðmyndun með -an- svipar til þessa því að við nýmyndun í nútímamáli kemur samstafan nánast aldrei fyrir í sjálfstæðu orði heldur verður að vera í tengslum við annan orðlið, í þessu tilviki viðskeyti. Stong-Jensen (1987) kallaði orðmyndun með orðliðum eins og -lendi *lexical overgeneration* sem merkir í raun að viðskeytingin með -i búi til orð sem ekki geti staðið sjálfstæð.

Samkvæmt ROH og í framhaldi af því sem hér var sagt um hliðstæð sagnleidd kvenkynsnafnorð skal þess getið að orð með -anlegur eiga sér í færri tilvikum en fleiri nafnorð með -an/-un sér við hlið. Auðvitað ber að hafa í huga að varasamt er að ákveða hvað var til eða gat verið til í eldra máli en komst e.t.v. ekki á blað, en eigi að síður er þetta eftirtektarvert. Í ROH er ekki að finna dæmi um orðin **beygjan*, **dragan*, **gnæfan*, **hneigjan*, **leysan*, **snertan* og **víkjan* sem ættu að liggja að baki afleiddu orðunum *beygjanlegur*, (*út*)*draganlegur*, *gnæfanlegur*, *hneigjanlegur*, *leysanlegur*, (*ó*)*snertanlegur* og *víkjanlegur*, ef hér væri um að ræða orðmyndun með viðskeytinu -an. Hins vegar eru til orð eins og *tilhagan* og (*illsku*)*klagan*, sbr. sagnirnar (-)haga og (-)klaga sem eru sömu gerðar og *draga* en beygingin er ólík. Því er svo við að bæta að orð eins og t.d. *diffranlegur*, *forritanlegur*, *hlustanlegur*,

niðurhalanlegur og fjölmörg fleiri hafa ekki *-an-*orð sér við hlið, einungis *-un*.

Það er eitt einkenni afleiddra orða með sterka beygingu að þau geta komið fram sjálfstæð án beygingarendingar. Þetta sést glögg t.d. í þolfalli eintölu hjá fjölmörgum sterkbeygðum karlkynsorðum og hjá lýsingarorðum í nefnifalli í kvenkyni eintölu og nefnifalli og þolfalli í hvorugkyni fleirtölu, eins og hér má sjá dæmi um:

- (11) a. dreng-skap, fín-heit, fróð-leik, geit-ung, guð-dóm,
hugsunar-hátt, ung-ling, vefn-að
b. auð-ug, blíð-lát, hol-ótt, ljóð-ræn, rúss-nesk, skröf-ul,
stráks-leg

Veikbeygð afleidd kvenkyns- og karlkynsorð geta aftur á móti eðlilega ekki staðið sjálfstæð í neinni beygingarmynd þar sem allar myndirnar krefjast endingar:

- (12) a. kvk. *til-lag (tillaga), *ár-átt (árátta), *vit-neskj
(vitneskja)
b. kk. *kenn-ar (kennari), *stjórn-and (stjórnandi), *veik-
leik (veikleiki), *ætt-ing (ættingi)

Sé samstafan *-an-* borin saman við viðskeytin í (11) þá fellur hún ekki vel að því sem hér er sagt um viðskeytt orð með sterka beygingu, enda verða orð með *-an-* í langflestum tilvikum að standa næst á undan *-legur*, sbr. t.d. *lesanlegur*, eins og hér hefur komið fram. Merkingarlega líkist samstafan *-an-* þó viðskeyti að því leyti að hún leggur til nýja merkingu, aðra en þá sem felst í viðskeytinu *-legur*. Til dæmis myndi sögnin *hækka* leiða af sér nafnorðið *hækkan* sem að vísu kæmi trúlega aldrei fyrir nú nema þá með *-legur* og fáeinum öðrum viðskeytum. Einstaka sagnleidd nafnorð sem enda á *-an* eru þó nothæf í nútímamáli, eins og áður hefur verið minnst á, t.d. *liðan*, (*orðanna*) *hljóðan*, *nýskipan* og *skipan mála*, *tilhlutan*, *tilstuðlan*, *vanliðan*, *vísan til e-s* og *ætlan* (allt dæmi úr ROH) en sú orðmyndun er ekki virk lengur. Ný orð þessarar gerðar eru alltaf mynduð með virka viðskeytinu *-un*, sem fyrr segir, ekki með *-an*. Orðin sem enda á *-an* eru oftast og kannski nær alltaf gömul og málnotendur hafa tilfinningu fyrir því að þau séu annaðhvort hátíðleg, jafnvel gamaldags, eða hafi sérmerkingu sem sambærilegt orð með *-un* hafi ekki, sbr. umræðu í 4.5.

Samstafan *-an-* getur komið fyrir annars staðar en á undan *-legur*.

Slík orð eru fá og um er að ræða mjög takmarkaða orðmyndun. Í ONP koma fyrir orðin *ifanlauss*, *atskiljanleiki* og *atskiljanleikr* (16. öld), *efanleikr*, *eljanleysi* og *eljunleysi*, *kunnanleysi* (norskt), *þoranleysi*, *óefansamliga* og *þoranraun*, og í ROH er að finna -an- með ýmsum orðhlutum eins og í *lokkanfullur*, *anganlaus*, *eljanlaus*, *hugsanlaus*, *eljanleysi*, *iðranleysi*, *angansterkur*, *eggjansterkur*, *eljansterkur*, *langanþungur*. Dæmin eru fá og oftast en ekki úr kveðskap, sum nokkuð við aldur og vart eða alls ekki lifandi í nútímamáli. Annars vegar eru þetta orð með upprunalegum viðskeytum eins og -laus, -leysi og -semi. Hins vegar eru orð þar sem seinni liðurinn er ekki viðskeyti að uppruna heldur sjálfstætt orð sem verður fyrir merkingarhliðrun við samsetningu, -sterkur og -þungur (sjá t.d. Meibauer 2012 og Þorstein G. Indriðason 2016 um kerfisvæðingu og orðlíka seinni liði).

5.1.2 Viðskeytið -anlegur?

Ef til vill mætti hugsa sér að -anlegur sé einfaldlega ein heild, nýtt viðskeyti orðið til við samruna tveggja. Það myndi teljast til tíðinda í íslensku samhengi og eðlilegt að spyrja hvort eitthvað geti bent til þess og einnig hvað ynnist með slíkri túlkun.

Hér mætti velja upp bæði formlegum og merkingarlegum hliðum málsins. Formlega má t.d. segja að sé gert ráð fyrir að -anlegur tengist beint við sagnstofn, t.d. *hugs-anlegur*, þurfi ekki að skýra sérstaklega það að -legur geti ekki tengst beint við nafnháttarmynd, t.d. **hugsalegur* (sjá Þorstein G. Indriðason 2017). Að auki eru líkur á því að endurtúlkun verði á -an- + -legur > -anlegur þegar samstafan -an- hefur verið lokuð af milli grunnorðs og viðskeytis í langan tíma. Við slíkar aðstæður eru meiri líkur en minni á að hlutverk -an breytist. Á móti kemur að sé -anlegur talið eitt viðskeyti, runnið saman úr tveimur, yrði líklega að gera ráð fyrir að t.d. -anleiki og -anleikur væru sérstök ný viðskeyti, sem hlyti að teljast hæpið. Einnig má nefna að merkingartengsl eru með viðskeytum sem taka með sér -an- í íslensku. Þannig verður t.d. ekki séð að augljós innbyrðis munur sé á merkingu orðanna *áreiðanleiki* og *áreiðanleikur*. Í þeim endurspeglast grunnmerkingin í orðinu *áreiðanlegur*, þ.e. eitthvað sem hægt er að reiða sig á.

Ef -anlegur væri eitt viðskeyti gæti það skýrt hvers vegna -an kemur nær aldrei fyrir nú sem sjálfstætt viðskeyti í virkri orðmyndun án tengsla við annað viðskeyti, þá fyrst og fremst viðskeytið -legur. Á móti kemur hins vegar að engin dæmi eru um viðskeytaröð sem

runnið hefur saman í eitt viðskeyti. Dæmi eru einungis um að rót og viðskeyti geti runnið saman, sbr. þegar rötin *fal-* og viðskeytið *-legur* renna saman í *fallegur*, þ.e. /fa[tl]egur/, ekki /fal#legur/.

5.1.3 *-an-* dregið af lýsingarháttarviðskeytinu *-and(i)*

Í 3. kafla var getið þeirrar hugmyndar fræðimanna, m.a. Noreen (1923), að uppruna *-an-* í *-anlegur* kynni að vera að leita í viðskeyti lýsingarháttar nútíðar, *-and(i)*. Þetta er á ýmsan hátt athyglisverð tilgáta. Breytingin *-and(i)* > *-an-* væri í sjálfu sér ekki flókin og tengslin við sagnir eru ótvíræð. Fæð varðveittra íslenskra dæma með *-andlegur* er þó slík að erfitt er að draga af þeim óyggjandi niðurstöður og að auki hefði mátt búast við einhverjum sporum, t.d. tvímyndum með *-an-* og *-and-*. Noreen nefndi máli sínu til stuðnings brottfall *d* í þriggja samhljóða klösum (1923:212–213). Hann rekur þar tæplega 30 orð og orðmyndir og bendir sérstaklega á „die vielen adj. auf *-an(d)legr*“ þar sem *d* hafi fallið brott. Hann tekur þar *elskanlegr* sem dæmi um brottfallsorð og ber saman við *dugandlegr* þar sem ekki hafi orðið brottfall. Um þetta vísar hann í greinargerð Sverdrups (1911) um lýsingarorð og atviksorð með viðskeytin *-ligr*, *-liga* (sjá 3.2 hér að framan). Sá galli er þó á skýringu Noreens að hann leggur hana að jöfnu við ritháttarleg atriði sem jafnvel má tengja við framburð þar sem *d* gæti fallið brott í þriggja hljóða klasa, t.d. *fræn(d)kona* og *hal(d)nir*, og orðin *an(d)marki* og *an(d)nes* sem nú eru *annmarki* og *annes/andnes*. En það er raunar ekkert sem kemur í veg fyrir klasann *nd+l*, hvorki í gömlum orðum né nýjum. Hjá Noreen örlar hvergi á þeirri hugsun að skýringin á falli *d* gæti tengst orðmynduninni sem slíkri og væri skilyrt af henni en væri ekki hljóðfræðilegs eðlis. Í framhaldi af þessu mætti halda því fram að endurtúlkun *-and(i)* til *-an-* væri einungis bundin við lýsingarhátt nútíðar – undantekningar frá því væru gömul orð eins og *gerandlegur* og *búandlegur* – og því ekki hægt að segja að sömu lögmál gildi um afleiðslu og samsetningu, þ.e. að endurtúlkun á *-and(i)* sem *-an-* þurfi ekki að ná yfir allar samstöfur með *-nd-*, sbr. að til eru samsetningar eins og *andlag* og *bandlopi*.

5.2 Tengihljóð sem möguleiki

Yfirleitt er litið svo á að *a*, *i*, *u* og *s* í samsetningunum *tóm-a-hljóð*, *dæm-i-gerður*, *rád-u-neyti* og *keppni-s-harka* séu tengihljóð (e. linking elements, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason 1999, 2011 og 2014 og Guðrúnu Kvaran

2005:156 um íslensku, og Fuhrhop og Kürschner 2015 almennt um tengihljóð). Í þessari stöðu er beygingarlegt hlutverk þeirra ekkert. Þetta á hins vegar ekki við í orðum eins og *hest-a-mennska*, *sjúk-ra-hús*, *sög-u-skodun* og *lækni-s-hús* þar sem um er að ræða eignarfallsendingar í eignarfallssamsetningum. Sjálf tengihljóðin hafa verið til samhliða eignarfallsendingunum og koma aðallega fyrir milli fyrri og seinni hluta í samsettum orðum, sbr. *keppni-s-skap*, en geta einnig komið fyrir milli grunnorðs og viðskeytis, t.d. í *sýn-i-legur*. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að tengihljóð eru merkingarlaus: Þau bæta engu við merkingu fyrri liðarins. Eitt hlutverk þeirra er að þau eru stundum notuð til þess að létta undir með framburði erfiðra samhljóðaklasa, sbr. orð eins og annars vegar *drekkutími*, *hoppuróla* og *stingupeysa* og hins vegar *dóta-/draslaskápur*.

Í málum heimsins eru tengihljóð fjölbreyttrar gerðar, bæði sérhljóð og samhljóð rétt eins og í íslensku. Þeim er það sameiginlegt í fyrsta lagi að þau hafa ekkert beygingarlegt hlutverk, sbr. umræðu hér að framan, þó að þau geti haft sama útlit og beygingarendingar. Skýrt dæmi um þetta í íslensku er ólíkt hlutverk *s* í orðum eins og *keppnis*(teng.)*harka* og *læknis*(ef.et.)*hús* sem nefnd voru hér á undan. Hér má einnig nefna lýsingarorð með -*legur*, sbr. *málfræðis*(teng.)*legur* og þá tilhneigingu að skjóta samhljóði inn milli endasérhljóðs í fyrri hluta slíkra orða og viðskeytis, sbr. *notarlegur* og *asnarlegur* (auðvelt er að finna dæmi um slíkt, t.d. á *Tímarit.is*). Í öðru lagi hefur verið gert ráð fyrir því að tengihljóðin hafi þróast frá beygingarendingum í skandinavísku málunum aðallega en einnig t.a.m. þýsku. Í norsku hafa eignarfallsendingar verið endurtúlkaðar sem tengihljóð, oftast *e*, sbr. t.d. *jul-e-handel* (jól-a-verslun).¹⁶ Í íslensku má sjá sams konar þróun varðandi tengihljóðið *s*, sbr. dæmi eins og *Aftureldingsmenn*, sjá Þorstein G. Indriðason (1999). Íslenska og færeyska hafa þó að hluta þróast með öðrum hætti en hin norrænu málin þar sem eignarfallsendingar hafa varðveist betur í samsetningum, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason (1999) og Höskuld Þráinsson o.fl. (2004).

Þegar kemur að hugsanlegri greiningu á *n* er ekki að sjá að *n* í *beygjanlegur*, *snúanlegur* og *hugsanlegur* stuðli að auðveldari framburði á sama hátt og tengihljóðin í *ruslafata* og *råduneyti* sem brjóta upp erfiða samhljóðaklasa eða bæta hrynjandi. Ef *n* væri tengihljóð þá hefði það

¹⁶ Um þróun tengihljóða úr beygingarendingum í norsku má fræðast hjá Faarlund, Lie og Vannebo (1997), Þorsteini G. Indriðasyni (2011) og Remøy (2020) og um sams konar þróun í þýsku hjá Nübling og Szczepaniak (2013) og Fuhrhop og Kürschner (2015).

a.m.k. ekki sama hljóðfræðilega hlutverk og *a*, *s* og *u* í þessum orðum og öðrum sambærilegum. Frá sjónarhóli hreinnar formgerðar mætti segja að rökstuðningur fyrir því að *n* sé hreint tengihljóð sé fólgin í því að tengihljóðið auðveldi það að hægt sé að mynda formgerðir með nafnháttarmynd sagna í fyrri lið sem annars er ekki mögulegt í íslensku, sbr. það að **hugsalegur* er ótæk orðmyndun en *hugsanlegur* tæk, sjá t.d. Þorstein G. Indriðason (2017). Ef gert er ráð fyrir því að *n* sé tengihljóð í dæmum á borð við *brúkanlegur*, *hjálpanlegur* (sbr. dæmi á *Tímarit.is*) og *skrifanlegur* þá væri sú notkun nær eingöngu bundin við formgerðir með nafnháttarmynd í fyrri lið og viðskeytið *-legur*, auk fáeinna dæma um nafnleidd orð, *hjartanlegur*, *tímanlegur* og e.t.v. örfá önnur, t.d. *upprunanlegur*. Ef til vill er Guðrún Kvaran (2005:140) á svipuðum slóðum án þess þó að segja það berum orðum þegar hún segir að „*-n-* sé skotið inn milli stofns og viðskeytis“. Hún segir reyndar einnig að *hugsanlega* sé *-n-* komið úr viðskeytinu *-and(i)* og fetar þar í fótspor þeirra fræðimanna sem telja að upprunans sé að leita í lýsingarhætti nútíðar, sbr. 5.1.3. Þess ber að geta að þeir Wood og Einar Freyr Sigurðsson (2014) taka undir orð Guðrúnar í nýlegri grein.

Eiríkur Rögnvaldsson (1988:4) minnst lítillega á orð eins og *væntanlegur*, *heyranlegur*, *þolanlegur* o.fl. þegar hann ræðir viðskeytið *-legur* og veltir þar fyrir sér hvernig líta beri á samstöfuna *-an-*. Hann bendir á, eins og hér hefur komið fram, að fyrri hluti orða af þessu tagi sé ekki til án *-legur*, þ.e. ekki nafnorð eins og **væntan*, **heyran* eða **þolan*, og varpar fram þeirri spurningu hvort ekki þurfi þar með einfaldlega að líta á (*a*)*n* sem „bandstaf(i)“. Kristín Bjarnadóttir (2005:127) er á sömu skoðun og byggir hana á hugmynd Eiríks. Hún segir: „Þá er *-an-* (eða *-n-*) í orðum eins og *hugsanlegur* einnig greint sem bandstafur hér.“¹⁷ Þó að þessi hugmynd, að mögulega mætti líta á *-n-* eða *-an-* sem tengihljóð eða tengisamstöfu, hafi ekki víðar komið fram, né verið rædd sérstaklega nema í stuttu máli í framangreindum ritum, þá er rétt að nefna hana hér. Þess skal getið að þessi kostur er ekki nefndur í *Íslenskri orðhlutafræði* Eiríks Rögnvaldssonar (1990).

¹⁷ Eiríkur og Kristín nota orðið *bandstafur* í sömu merkingu og *tengihljóð* sem notað er í þessari grein.

6 Tilraun til túlkunar á -an-

Í undangengnum köflum hefur verið rætt um nokkrar mögulegar greiningar á samstöfunni -an- þegar hún stendur með viðskeytinu -legur eða með öðrum viðskeytum. Hér á eftir verða þeir metnir, tillit tekið til þeirra atriða sem sýnast vega þyngst og bent á vænlegustu lausnina.

Hugsanlegt væri að líta svo á að samstafan -an- á undan -legur sé, sögulega séð, einfaldlega gamla verknaðarviðskeytið -an, sem enn sé við lýði í nútímamáli (sbr. 5.1.1). Það nýttist í eldra máli, ásamt systurviðskeyti sínu -un, við myndun nafnorða af sögnum. Nú kæmi þetta afbrigði viðskeytaparsins hins vegar nær eingöngu fyrir með viðskeytinu -legur, í mun minna mæli með fáeinum öðrum viðskeytum og orðhlutum. Sem fyrr væru nán tengsl við sögn í fyrri lið orðs. Gera mætti ráð fyrir orðmyndun af sagnrót eða e.t.v. tengingu við nafnhátt með sérhljóðsbrotfalli.

Þessi kostur er ekki óhugsandi, en skýra þyrfti hvers vegna þetta viðskeyti væri virkt við þessar sérstöku aðstæður og hvers vegna það er ekki lengur virkt við myndun verknaðarnafnorða í nútímamáli. Þrátt fyrir að til séu dæmi um sárafá nýleg orð eins og *yfirlesan*, sem sennilega er myndað laust fyrir miðja 20. öld (sbr. dæmi í ROH), eru slík orð ekki lengur afurð virkrar og óþvingaðrar orðmyndunar þótt þau hefðu verið það fyrr á öldum. Það dregur úr sennileika þessa kosts, enda væri erfitt að rökstyðja að fyrst færi fram í nútímamáli myndun nafnorðs sem á sér enga sjálfstæða yfirborðsbirtingarmynd og síðan verði ný orðmyndun með þeim stofni og viðskeytinu -legur.

Annar kostur væri að líta á samstöfuna -anlegur sem eina heild í nútímamáli og að gamla viðskeytið -an og viðskeytið -legur hafi á einhverju stigi málsins runnið saman í eitt viðskeyti (sbr. 5.1.2). Það myndi á sinn hátt skýra það að -an kemur ekki fyrir í virkri orðmyndun í nútímamáli sem sjálfstætt viðskeyti án tengsla við annað viðskeyti. Á móti kemur að engin þekkt dæmi eru um viðskeytaröð sem runnið hefur saman í eitt viðskeyti. Þess ber jafnframt að geta að væri -anlegur talið eitt viðskeyti, runnið saman úr tveimur, yrði einnig að gera ráð fyrir því að -anleiki og -anleikur væru sérstök ný viðskeyti, sem fyrr segir (jafnvel þrísamsett eins og -anlegleiki, -anlegleikur). Það verður að teljast fremur hæpið og slík skýring bæri keim af því sem kennt er við *ad hoc*-skýringar nema nánari rök komi til sem okkur hefur ekki tekist að finna.

Þriðji kosturinn væri að -an- í -anlegur eigi sögulega séð rætur að

rekja til lýsingarháttar nútíðar sem myndaður er með viðskeytinu *-and(i)*, (sbr. 4.3 og 5.1.3), og að enn séu tengsl þar á milli. Sá kostur kann í fljótu bragði að virðast ólíklegur því að þar þarf í skýringarskygni að leita til elsta málstigs íslenskrar tungu og jafnframt taka mið af og sætta sig við dæmafæð og takmarkaða textavarðveislu. Enn fremur þarf að gera ráð fyrir að tannhljóð hafi gegnumgangandi fallið brott, *-and(i) > -an-*. Til eru þó forn dæmi um lýsingarorð sem enda á *-andlegur*, mynduð af lýsingarhætti nútíðar og *-legur*, sem gætu styrkt þessa hugmynd, a.m.k. sögulega. Enda þótt þau séu fá þá benda þau til að slík orðmyndun hafi verið virk. Að því gefnu að þessi skýring á uppruna *-anlegur* eigi við sögulega séð þá hefur þar átt sér stað endurtúlkun þar sem nýja samstafan fékk hlutverk nýrrar orðmyndunar- eða byggingareindar (í skilningi t.d. Aronoffs 1976). Hún birtist nánast eingöngu á undan viðskeytinu *-legur*. Þessi byggingareind félli þá að nokkru leyti saman við viðskeytið *-an* sem fyrir var, einkum í formi en einnig að því er varðar orðmyndunarleg tengsl við sagnir.

Sé *-an-* komið úr *-and(i)* eru tengsl við sagnir skýr. Ákveðin merkingarleg tengsl eru líka ljós milli setninga með lýsingarhætti nútíðar og þeirra með lýsingarorðum sem enda á *-anlegur*, sbr. dæmin í (9). Merkingin er þolmyndarmerking (sbr. umræðu í kafla 4.2.2 að framan). Hér má sýna tvö dæmi um það sem um ræðir.

- (13) a. *X tæmdi glasið. Glasið er tæmandi+legt → Glasið er tæmanlegt.*
 b. *X þoldi álagið. Álagið er þolandi+legt → Álagið er þolanlegt.*

Minna má á að unnt er að nota lýsingarhátt nútíðar í þessari eða líkri merkingu, eins og dæmi voru tekin um í kafla 4.3. Eins og fram kom t.d. í 5.1.3 þá hefur þessi skýring verið nefnd í ritum eldri fræðimanna sem ekki telja hana fráleita.

Fjórði kosturinn væri að gera ráð fyrir að *n* í *-anlegur* sé tengihljóð (sbr. 5.2). Varðandi þann möguleika væri ekki útilokað að gera ráð fyrir að *n*-innskot væri leið tungumálsins til þess að geta haft nafnháttarmynd á undan *-legur*, t.d. *tæma* í *tæma-n-legur*.

Nokkur atriði mæla gegn þessari lausn. Í fyrsta lagi kemur nafnháttarmynd (sem oftast hefur (beygingar)endinguna *-a*) að öllu jöfnu hvorki fyrir á undan *-legur* né sem fyrri hluti samsetninga, sbr. Þorstein G. Indriðason (2017). Í öðru lagi verður að teljast hæpið

að gera ráð fyrir sérstöku tengihljóði sem hefur þá takmörkuðu dreifingu að koma einungis fyrir milli nafnháttarmyndar og -legur, séu fáein nafndregin orð eins og t.d. *hjartanlegur*, *tímanlegur* og *ánægjanlegur* undanskilin. Í þeim orðum er ekki útilokað að um sé að ræða raunverulegt tengihljóð sem eigi ekkert skylt við samstöfuna -an í -anlegur. Í þriðja lagi eiga tengihljóð venjulega uppruna sinn í eignarfallsendingum í fyrri lið í skandinavísku málunum, sbr. umræðu í 5.2 (sjá líka Fuhrhop og Kürschner 2015 um germönsk mál og þýsku sérstaklega þar sem tengihljóð eru rakin til gamalla eignarfallsendinga). Hefðbundin íslensk tengihljóð, *a*, *i* og *u*, sem sjá má í orðum eins og *eldiviður*, *ráðuneyti* og *tómahljóð*, eru hins vegar líklega leifar gamalla viðskeyta eða endinga (sjá umfjöllun um þetta hjá Guðrínu Kvaran 2005:155–156). Vart er hægt að halda því fram að -(a)n- eigi uppruna sinn í sambærilegum endingum eða viðskeytum. Í þriðja lagi eru tengihljóð venjulega rúin merkingu, sbr. 5.2, og Nübling og Szczepaniak (2013:86) halda því fram að við þróunina frá eignarfallsendingum til tengihljóða hafi merkingin horfið, hafi hún verið fyrir hendi á annað borð. Sem fyrr segir virðist samstafan -an- (eða samhljóðið *n*) hafa merkingarlegu hlutverki að gegna, hvort sem er í myndun sagnleiddra nafnorða (-an/-un) eða í sambandi við myndun lýsingarorða með -anlegur. Það mælir gegn tengihljóði en með viðskeyti, enda bæta viðskeyti ávallt einhverju við merkingu grunnorðs.

Því er við að bæta að framangreind rök á móti *n* sem tengihljóði ættu líka við um samstöfuna -an- ef litið væri á hana sem tengisamstöfu með sambærilegt hlutverk og tengihljóð. Hún væri þá eina fyrirbærið af slíkum toga í íslensku. Sá munur væri á þessari lausn og því að gera ráð fyrir tengihljóðinu *n* að hún myndi þó leysa þann aðferðafræðilega vanda sem orðmyndun með nafnháttarmynd sagnar felur í sér, sbr. umræðuna í 5.2.

Hér á undan hafa verið ræddir fjórir kostir og þeir vegnir og metnir. Niðurstaðan af þessu öllu er sú að vænlegast virðist vera að gera ráð fyrir því að samstöfuna -an- á undan -legur beri að skoða sem sérstakt viðskeyti samtímalega, enda sé ýmislegt sem bendi til þess að það sé dregið af lýsingarorðsviðskeytinu -and(i) í upphafi. Í þeirri stöðu sem það er í dag hefur það þó verið endurtúlkað þannig að það komi ekki fyrir án þess að tengjast öðrum viðskeytum, aðallega -legur, og er því ólíkt hinu sögulega viðskeyti -an hvað það varðar. Þetta myndi líka skýra hina nánú tengingu -anlegur við sagnir og einnig merkingarlegt hlutverk samstöfunnar -an-.

7 Umræða og lokaorð

Hér hefur verið fjallað um samstöfuna *-an-* með viðskeytinu *-legur* í orðum eins og *breytanlegur* og *brúanlegur*. Í inngangi var varpað fram þremur spurningum og eru þær rifjaðar upp í (14):

- (14) a. Hvernig ber að túlka samstöfuna *-an-* málfræðilega?
 b. Hvers konar grunnorð geta staðið með *-anlegur*?
 c. Hver er merking *-an-* þegar það stendur með *-legur*?

Eftir umfjöllun um ýmsa kosti til túlkunar á *-an-* í 6. kafla var komist að þeirri niðurstöðu að samtímalega væru veigamest rök fyrir því að greina samstöfuna sem viðskeyti. Sögulega væri hún dregin af lýsingarorðsviðskeytinu *-and(i)*. Enda þótt skýringin sé ekki ný, eins og komið hefur fram, þá hafa aldrei verið færð önnur rök fyrir henni en hljóðfræðileg. Þessi lausn er rökleg að því leyti að hún tengir *-an-* og þá sérstaklega *-anlegur* við sagnir sem eru grunnorð orðmyndunarinnar með *-anlegur* og *-an-* eykur við merkingu grunnorðsins eins og venja er um viðskeyti yfirleitt en það gera tengihljóð ekki. Það sem er hins vegar óvenjulegt við *-an-* í þessari stöðu er að í nútímamálinu er viðskeytið lokað af milli grunnorðs og viðskeytis og kemur sjaldnast fram eitt og sér með grunnorðinu, sbr. t.d. **hækkan*, en *hækkanlegur*. Lausnin gerir enn fremur ráð fyrir því að líta beri á *-anlegur* sem viðskeytaröð í íslensku. Rétt er að minna á það sem nefnt var í 3.1 að orðmyndun með *-anlegur* er að mestu bundin við íslensku og er mun yngri en orðmyndunin með *-an* sem er samnorren.

Varðandi (14)b eru grunnorð sem geta staðið með *-anlegur* aðallega sagnir eins og áður var á minnst. Það sem er hins vegar athyglisvert er að við hlið *-an-* í nútímamáli er til hið virka viðskeyti *-un* sem myndar nafnorð af sögnum og þá aðallega veikum sögnum (helst sögnum af fyrsta flokki) á meðan *-an-*, og þá um leið *-anlegur*, getur tengst bæði veikum og sterkum sögnum. Sterkar sagnir sem geta staðið með *-anlegur* eru fjölbreyttar, m.a. af öllum hljóðskiptaröðum en einnig núpálegar sagnir og tvöföldunarsagnir. Einnig var bent á að *-anlegur* getur í fáeinum tilvikum staðið með grunnorðum sem eru nafnorð, sbr. *tímanlegur*, *ánægjanlegur* og *hjartanlegur*. Hugsanlegt er að þar sé á ferðinni annaðhvort tengihljóðið *n* eða að *-an-* sé þarna tilkomið vegna áhrifsbreytingar frá *-anlegur* með sögnum.

Víða, einkum í 4. kafla, var fjallað um ýmis merkingarleg atriði í sambandi við *-anlegur*, sbr. spurninguna í (14)c. Grundvallarmerking

-an- lýtur að því að eitthvað sé mögulegt. Bent var m.a. á samband lýsingarháttar nútíðar og orðmynda með -anlegur, sbr. dæmi eins og *kaffið er vel drekkandi* og *kaffið er vel drekkanlegt*, og notkun orðmynda með -anlegur í þolmyndarmerkingu, sbr. dæmin *Jón hækkar húsið* og *húsið er hækkanlegt*.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgir Árbók Háskólans 1927. Reykjavík.
- Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2016. „Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskuldi.“ Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar. *Milli mála* 8:13–42.
- Aronoff, Mark. 1976. *Word Formation in Generative Grammar*. Linguistic Inquiry Monographs 1. Cambridge, Massachusetts: The MIT Press.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1995 [1989]. *Íslensk orðsifjabók*. 3. prentun með leiðréttingum. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðirit 3. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Baldur Jónsson. 1987. Íslensk orðmyndun. *Andvari*. Nýr flokkur 29:88–102.
- Bauer, Laurie. 2001. *Morphological Productivity*. Cambridge: Cambridge University Press.
- blog.dv = DV, bloggside. <blog.dv.is> (sótt í mars 2023).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1988. Einsleitur grunnur íslenskra viðskeyta. [Óprentuð grein.] <eiríkur.hi.is/einsl.pdf> (sótt í mars 2023).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. 4. útgáfa. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Faarlund, Jan Terje, Svein Lie og Ivar Vannebo. 1997. *Norsk referansegrammatikk*. Osló: Universitetsforlaget.
- Fuhrhop, Nanna og Sebastian Kürschner. 2015. Linking elements in Germanic. Í: Peter O. Müller, Ingeborg Ohnheiser, Susan Olsen og Franz Rainer (ritstj.): *Word-Formation. An International Handbook of the Languages of Europe* 1, bls. 568–582. Berlin: de Gruyter Mouton.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga 2. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In *a Comparative GB Approach*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands. [Doktorsritgerð. Lund: Department of Scandinavian Languages 1989.]
- Halldór Ármann Sigurðsson og Verner Egerland. 2009. Impersonal null-subjects in Icelandic and elsewhere. *Studia Linguistica* 63:158–185.
- Hugrún Ragnheiður Hólmgeirsdóttir. 1995. *En sú unan! Saga viðskeytisins -un/-an í íslensku að fornu og nýju*. Óbirt ritgerð til BA-prófs í íslensku. Heimspekideild Háskóla Íslands.

- Höskuldur Þráinsson (aðalhöf.), Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. Þórshöfn: Føroya Fróðskaparsetur.
- ÍOS = *Íslenskur orðasjóður* [ártal vefsíðuvals: 2015]. Corpora Collection Leipzig. Abteilung Automatische Sprachverarbeitung, Universität Leipzig. <corpora.uni-leipzig.de/de?corpusId=isl_is_web_2015> (sótt í mars 2023).
- Íslensk orðabók*. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur): *Setningar. Handbók um setningafræði*. *Íslensk tunga* 3, bls. 350–409. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Friðjónsson. 1982. Um lýsingarhátt nútíðar. *Íslenskt mál* 4:191–219.
- Kristín Bjarnadóttir. 2005. *Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum*. Rannsóknar- og fræðslurit 7. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Meibauer, Jörg. 2013. Expressive compounds in German. *Word Structure* 6,1:21–42.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. Vierte vollständig umgearbeitete Auflage. Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte 4. Altnordische Grammatik 1. Halle (Saale): Max Niemeyer.
- Nübling, Damaris og Renata Szczepaniak. 2013. Linking elements in German: Origin, Change, Functionalization. *Morphology* 23:67–89.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Kristiania: H. Aschehoug & co.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Københavns Universitet: Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab. <onp.ku.dk> (sótt í mars 2023).
- Ordbog over det danske Sprog*. <ordnet.dk/ods> (sótt í mars 2023).
- Remøy, Håkon. 2020. *Frå paradigmatiske til ikkje paradigmatiske strukturar. Om bindeljodssamansetjingar i tre norske talemål med noko samanlikning med norrønt, islandsk og færøysk*. Óbirt ritgerð til meistaraþrófs í norrænu máli og bókmenntum. Bergen: Universitetet i Bergen.
- Rmh. = *Risamálheildin*. 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <malheildir.arnastofnun.is> (sótt í mars 2023).
- ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <ritmalssafn.arnastofnun.is> (sótt í mars 2023).
- Stong-Jensen, Margaret. 1987. Lexical Overgeneration in Icelandic. *Nordic Journal of Linguistics* 10:181–205.
- Sverdrup, Jakob. 1911. De gammelnorske adjektiver paa *-ligr* og adverbier paa *-liga, -la*. En studie i gn. orddannelse. [2. hluti.] *Arkiv för nordisk filologi* 27:140–186.
- Tímarit.is*. <tímarit.is> (sótt í mars 2023).

- Torp, Alf. 1909. Gamalnorsk ordavleiding. Í: Marius Hægstad og Alf Torp (ritstj.): *Gamalnorsk ordbok med nynorsk tydning*, bls. xxviii–lxxi. Kristiania: Det norske samlaget.
- Wood, Jim og Einar Freyr Sigurðsson. 2014. Building Deverbal Ability Adjectives in Icelandic. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics* 20.1:351–360. <repository.upenn.edu/pwpl/vol20/iss1/37> (sótt í mars 2023).
- Þorsteinn G. Indriðason. 1999. Um eignarfallssamsetningar og aðrar samsetningar í íslensku. *Íslenskt mál* 21:107–150.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2005. Historisk produktivitet. *Nordica Bergensia* 32:39–65.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2011. Om fugesammensetninger i vestnordisk. Í: Gunnstein Akselberg og Edit Bugge (ritstj.): *Vestnordisk språkkontakt gjennom 1200 år*, bls. 257–274. Þórshöfn: Faroe University Press.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2014. Fallbeygðir fyrri liðir og tvær kenningar um orðhlutafræði. *Íslenskt mál* 36:9–30.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2016. Á mörkum afleiðslu og samsetningar? Um orðlíka seinni liði í íslensku. *Orð og tunga* 18:1–41.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2017. Nafnháttur sem fyrri liður? Um *vegasalt*, *kjaftagang*, *hakkavél* og aðrar slíkar samsetningar. Í: Zakaris Svabo Hansen, Anfinnur Johansen, Hjalmar P. Petersen og Lena Reinert (ritstj.): *Bók Jógvan. Heiðursrit til Jógvan í Lon Jacobsen á 60 ára degnum*, bls. 139–155. Þórshöfn: Fróðskapur / Faroe University Press.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2021. Af hverju góðlátlegur og ekki *góðleglátur? Um leyfilegar og óleyfilegar viðskeytaraðir í íslensku. *Orð og tunga* 23:69–109.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2023. Hvorfor er suffikset -legur såpass produktivt i islandsk? En historisk utgreiing. Í: Matteo Tarsi, Lasse Mårtensson og Henrik Williams (ritstj.): *Från Island till Sverige och tillbaka: Festschrift till Veturlíði G. Óskarsson på 65-årsdagen*. *Nordiska texter och undersökningar* 33, bls. 175–196. Uppsala: Institutionen för nordiska språk, Uppsala universitet.

Lykilorð

afleiðsla, viðskeyti, tengihljóð, lýsingarorð, sagnir

Keywords

derivation, derivational suffixes, linking elements, adjectives, verbs

Abstract

In this article, an attempt is made to interpret the combination *-an-* in *-anlegur* in derivations like *hækkanlegur* 'raisable'. Three research questions are asked and answers sought; what is the nature of the combination *-an-* in modern Icelandic with some comparison with historical development; what are the bases of the combination *-an-* and *-legur* and finally, what is the meaning of *-an-* in *-anlegur*.

Four databases are used in the study; *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP), *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* (ROH), *Risamálheildin* (Rmh.) and partly *Íslenskur orðasjóður* (ÍOS).

According to the authors, there are four possibilities to be considered when looking for explanations for the combination *-an-*: that *-an-* is a special suffix that would actually only occur with *-legur*; distinguishing *-anlegur* as a single entity formed by the fusion of the suffixes *-an* and *-legur*, which would be highly unusual in Icelandic; to distinguish *-n-* as a linking element that is added to the infinitive forms of verbs, cf. *hækka-n-legur*; and that the origin of *-an-* in *-anlegur* is to be traced to the present participle suffix *-and(i)*. By doing this one can build on the formal relationship *-an-* has with verbs. It can also be noted that there are similarities between the behavior of various *-anlegur*-words and derivations with the present participle. The authors' conclusion is that the last option is the most promising for the interpretation of *-an-*, despite various shortcomings mentioned in the article.

Margrét Jónsdóttir
 prófessor emerítus
 Íslensku- og menningardeild
 Háskóla Íslands
 mjons@hi.is

Veturlíði Óskarsson
 prófessor í norrænum málum
 Institutionen för nordiska språk
 Uppsala universitet
 veturlidi.oskarsson@nordiska.uu.se

Þorsteinn G. Indriðason
 prófessor í norrænum málum
 Institutt for lingvистiske, litterære og estetiske studier
 Universitetet i Bergen
 torsteinn.indridason@uib.no